

## AUGLÝSING um fólkvang í Bláfjöllum.

Náttúruverndarráð hefur tjáð ráðuneytinu að engar athugasemdir hafi borizt vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar fólkvangs í Bláfjöllum, sbr. auglýsingu í 72. tbl. Lögbirtingablaðs 24. nóvember 1972, en þar eru tilgreind mörk fólkvangsins og reglur um hann.

Náttúruverndarráð hefur hinn 31. janúar 1973 samþykkt friðlýsingu fólkvangsins fyrir silt leyti. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingu og birtist hún hér með með skírskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Að því er varðar reglur um mörk fólkvangsins o. fl., vísast til fylgiskjalsins.

*Í menntamálaráðuneytinu, 21. marz 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

### Fylgiskjal.

#### Auglýsing frá Náttúruverndarráði.

Að tillögu Náttúruverndarnefndar Reykjavíkur og að fengnu samþykki þessara sveitarfélaga: Grindavíkur, Kópavogs, Reykjavíkur, Seltjarnarness og Selvogs, hefur Náttúruverndarráð ákveðið að lýsa Bláfjallasvæðið fólkvang samkvæmt 26. grein laga nr. 47/1971.


Takmörk svæðisins eru línur, sem dregnar eru (1) úr kalli Vífilsfells (2) í Háakoll (3) í Kerlingahnjúk (4) í (Litla) Kóngsfell (5) í Bollann við Grindavíkurskörð (6) í horn Heiðmerkurgirðingar við Kolhól (7) með Heiðmerkurgirðingu í punkt, þar sem hún sker línu milli Stríps og Stóra Kóngsfells (8) í Sandfell, norð-vestur af Rjúpnadölum, í koll Vífilsfells.

Um hið friðlýsta svæði gilda eftirfarandi reglur:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið, og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg, að umferð fólks torveldist.
2. Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.
3. Stefnt skal að því, að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til, en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Náttúruverndarráðs.

Tekið er fram af hálfu sveitarfélaganna allra, að með stofnun fólkvangs telja þau ekki á neinn hátt raskað eignarrétti að landi því, sem fólkvangurinn tekur til. Samvinnunefnd sveitarfélaganna allra fer með stjórn fólkvangsins, og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila.

Athugasemdum við friðlýsingu þessa skal komið á framfæri við Náttúruverndarráð eigi síðar en 8 vikum frá birtingu þessarar auglýsingar.



Fyrir hönd Náttúruverndarráðs,  
Eysteinn Jónsson.  
Árni Reynisson.